

**Ed.**

**478. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er nú loks komið frá Nd., og með því að nefndin hefir þessa síðustu daga þingsins mörg vandasöm mál, sem afgreiða verður fljótlega, hefir hún ekki getað varið nema stuttum tíma til að athuga frv.

Verðtollurinn er í landi, sem lítið tollestirlit hefir, miður heppileg leið til tekjuauka fyrir ríkissjóð, þó að þingið í fyrra sæi sjer ekki annað fært en fara þessa leið til að bæta úr bráðri þörf ríkisins á auknum tekjum. Ákvæði 4. málsgr. 1. greinar, um almenna lækkun tollsins þegar snemma á næsta ári, skoðar nefndin vera til stórra bóta, en væntir hinsvegar þess, að ekki muni þurfa að halda þessum tolli lengur en nú er ákveðið, með því líka að hann er samþykktur til bráðabirgða, eins og nafnið bendir til.

Þótt nefndin viðurkenni, að breytingar þær á lögnum, sem í frv. felast, miði að ýmsu leyti til bóta, finst henni óhjákvæmilegt að gera við það nokkrar breytingartillögur, sem miða að tollflokkinum og verða að teljast vera í samræmi við þá viðleitni, sem að öðru leyti er sýnd með frv. til að gera tollinn skaplegri.

Tillaga nefndarinnar um, að tollurinn lækki 1. mars næsta ár, í stað 1. apríl, byggist á því, að verslanir munu yfirleitt ekki geta, sjer að bagalausu, beðið með að flytja inn vörubirgðir sínar til apríl-byrjunar. Samkvæmt framan-sögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. staflíð A.
  - a. Orðin »Kjötmeti . . . eða niðursodið« falli burt.
  - b. Á eftir orðunum »Kaffibrauð allskonar« komi: annað en kex.
  - c. Orðin »Kex, annað en matarkex« falli burt.
  - d. Á eftir orðinu »Hársmyrsl« komi: andlitssmyrsl, and itsduft.
  - e. Orðin »Tilbúin blóm. Jólátrjesskraut« falli burt.
  - f. Orðin »Úr. Klukkur« falli burt.
2. Við sömu gr. staflíð B.
  - a. Á eftir orðinu »Bæs« komi: Efni og áhöld til logsuðu og logskurðar. Efni til gasframleiðslu.
  - b. Á eftir orðinu »Hunang« komi: Húsgögn. Hurðir. Gluggar.
  - c. Á eftir orðunum »Ritvjarlar og fjölrítar« komi: Reikningsvjarlar og talningarvjarlar.
  - d. Orðið »viðhafnarlaus« falli burt.
3. Í stað »1. apríl« í upphafi síðustu málsgreinar 1. greinar komi: 1. mars.
4. Við 2. grein.

Aftan við greinina bætist: Vitatæki og ljósmerkjatæki og efni til þeirra.

Alþingi, 6. maí 1925.

Sig. Eggerz,  
formaður.

Björn Kristjánsson.

Ingvar Pálmason,  
skrifari.

Jónas Jónsson.

Jóhann Jósefsson,  
frsm.